

**Ed.**

**457. Nefndarálit**

um frv. til l. um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið og fellst í öllum höfuðatriðum á efni þess. Þó þykir nefndinni réttara að láta frumvarpið vera í heimildarformi, og leggur því til, að deildin samþykki frumvarpið með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Við 1. gr. Í stað orðanna „Ríkisstjórnin skal láta“ í upphafi greinarinnar komi: Heimilt er ríkisstjórninni að láta.

Erlendur Þorsteinsson hefur verið veikur og ekki tekið þátt í afgreiðslu nefndarinnar um þetta mál.

Alþingi, 10. maí 1941.

Þorst. Þorsteinsson,  
form.

Páll Zóphóniasson,  
frsm.